

Nd.

181. Frumvarp til laga

[127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Gils Guðmundsson,
Stefán Gunnlaugsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu tveimur þingum hefur frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gerðahreppi jörðina Útskála verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu.

Frumvarpið hefur verið flutt að beiðni hreppsnefndar Gerðahrepps. Hreppsnefndin hefur með bréfi, dags. 4. des. 1972, endurnýjað þessa beiðni, en óskar nú jafnframt að fá keypta jörðina Brekku.

Bréf hreppsnefndar, þar sem ástæður tilmælanna koma fram, er svo hljóðandi:

„Hreppsnefnd Gerðahrepps fer þess á leit við yður, alþingismenn Reykjaneskjördæmis, að þér flytjið frumvarp á Alþingi um það að heimila kirkjujarða- og ríkissjóði að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, að þörf er á, að sveitarfélagið hafi ráðstöfunarrétt á landi þessara jarða, til þess að unnt sé að láta skipuleggja það og jafnframt úthluta byggingarlóðum þar.

Hreppsnefndin leggur til, að náist ekki samkomulag um verð þessara jarða, skuli þær metnar af óvilhöllum aðilum.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,
Björn Finnbogason, oddviti.“

Þessari beiðni hreppsnefndarinnar fylgir svo hljóðandi bréf frá ábúanda jarðarinnar Brekku:

„Ég undirritaður, Vilhjálmur Halldórsson, Brekku, Garði, og ábúandi þar, afsala mér hér með forkaupsrétti jarðarinnar, þó aðeins með því skilyrði, að Gerðahreppur sé kaupandi hennar.

Brekku, Garði, 30. nóv. 1972.

Vilhjálmur Halldórsson.“